

Samfélagsnefnd - Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Samfélagsnefnd fundur nr. 25 / 1. fundur stjórnar Samfélagssjóðs Dags. 26.03.2020

Fundarstaður: Skype-fundur kl 9:00-10:20 á tíma samkomubanns vegna COVID-19.

Á fundinn mættu: Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Fundur settur

Samfélagsnefnd ásamt varamönnum skipar nú samkvæmt ákvörðun og bókun sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps þann 03.03.2020 jafnframt stjórn og varastjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals.

Þessi fundur var boðaður með dagskrá er varðar málefni Samfélagssjóðsins, með fyrirvara um samþykki Skipulagsskrár hans sem nú er til meðferðar hjá Sýslumanni Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

Hér eftir verður boðað til funda annars vegar í stjórn Samfélagssjóðsins og hinsvegar í Samfélagsnefnd, þó um sé að ræða sömu fulltrúana.

Dagskrá

1. Starfsreglur stjórnar
2. Úthlutunarreglur
3. Matskvarði
4. Kosning formanns og varaformanns Samfélagssjóðsins
5. Umsóknareyðublað (drög)
6. Auglýsing (drög)

Önnur mál

- Fyrirkomulag kynningar á vinnu TGJ v/byggðakjarna í Fljótsdal.

Stjórn samfélagssjóðs Fljótsdals - Gengi til dagskrár

Verkefnisstjóri vann gögn er tengjast Samfélagssjóði Fljótsdals og hafa áður verið send á tölvupósti til fulltrúa og gerð aðgengileg á fésbókarsíðu nefndarinnar; starfsreglur stjórnar, úthlutunarreglur og matskvarða umsókna. Með sendingu var óskað eftir ábendingum um það sem mætti betur fara.

1. Starfsreglur stjórnar

Farið var yfir ábendingarnar sem borist höfðu. Þær ræddar og skjalið uppfært í samræmi við niðurstöðu stjórnar. Starfsreglur stjórnar að lokum bornar upp til samþykkis. Samþykktar samhljóða.

Auk þess kom fram á fundinum að hafa mætti í huga að velja aðila í valnefnd áður en umsóknafrestur rennur út.

2. Úthlutunarreglur

Farið yfir þær með sama hætti og starfsreglurnar. Að lokum bornar upp til samþykktar. Samþykktar samhljóða.

3. Matskvarði

Sami háttur hafður á og að lokum borinn upp til samþykktar. Samþykktur samhljóða.

4. Kosning formanns og varaformanns

Fram kom tillaga að Signý Ormarsdóttir tæki að sér formennsku. Samþykkt samhljóða. Tillaga lögð fram um að Lárus Heiðarsson tæki að sér varaformennsku. Samþykkt samhljóða.

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals mun undirrita ofangreind gögn, sbr. lið 1, 2 og 3, sem samþykkt voru á fundinum við fyrsta tækifæri eftir samkomubann vegna COVID-19.

5. Umsóknareyðublað (drög)

Verkefnastjóri lagið fram drög að umsóknareyðublaði á word-formi sem byggir á umsóknareyðublaði Brothættra byggða. Rætt um að hafa umsóknareyðublaðið á einföldu formi nú í upphafi en skoða í framhaldi möguleikann á að hafa það rafrænt í anda upphafsára Uppbyggingasjóðs. Þetta form verður rætt á fyrsta formlega fundi stjórnar þegar staðfesting liggur fyrir um sjóðinn hjá sýslumanni og Ríkisskattstjóra.

6. Auglýsing (drög)

Verkefnastjóri lagið fram til kynningar drög að texta í auglýsingu eftir umsóknum í sjóðinn. Í henni þurfa upplýsingar að koma fram sem taka þarf fyrir á fyrsta formlega fundi stjórnar, s.s. upphæð úthlutunar ársins 2020 og hver umsóknafersturinn á að vera.

7. Samfélagsnefnd – Önnur mál

a. Fyrirkomulag kynningar TGJ á úttekt fyrir byggðakjarna.

Áætlað var að vera með opna kynningu í Végarði 2. apríl næstkomandi en vegna samkomubanns verður að leita annarra leiða. Samþykkt að leggja það upp við TGJ að kynna stöðu mála 2. apríl með fjarfundi þar sem sveitarstjórn er boðuð og valfrjálst fyrir samfélagsnefnd. Í framhaldið að fá TGJ til að útbúa kynningu á þeirra vinnu sem gerð verður aðgengileg á rafrænan hátt fyrir íbúa.

Næsti fundur var áætlaður 30. apríl, en hugsanlega þarf að finna annan fundartíma. Ákveðinn fyrirvari því hafður á.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:20

Ásdís Helga Bjarnadóttir
ritaði